



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 30. apríl 2009

Ákvörðun nr. 18/2009

### **Samruni Þórsmerkur ehf. og Árvakurs hf.**

Þann 1. apríl sl. barst Samkeppniseftirlitinu styttri tilkynning vegna yfirtöku Þórsmerkur ehf. (hér eftir Þórsmörk) á Árvakri hf. (hér eftir Árvakur) í samræmi við ákvæði 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Fullnægð tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga vegna samruna. Starfsemi Þórsmerkur felst í rekstri eignarhaldsfélaga og er tilgangur félagsins samkvæmt upplýsingum í hlutafélagaskrá þátttaka í hvers konar atvinnurekstri, nýsköpun og þróunarstarfi, efling íslensks atvinnulífs, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og önnur skyld starfsemi. Árvakur er útgáfufélag Morgunblaðsins og er útgáfa þess eina starfsemi félagsins. Fyrirtækin starfa því ekki á sama markaði.

Í samrunaskrá kemur fram að með kaupsamningi, dags. 24. febrúar 2009, hafi Þórsmörk, fyrir milligöngu Íslandsbanka hf., skrifað sig fyrir nýju hlutafé í Árvakri með það að markmiði að eignast 100% af öllu útgefnu hlutafé félagsins með nánari skilmálum og fyrirvörum sem settir voru fram í samningum. Samkeppniseftirlitið telur að í framangreindum gerningi felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga en samruni telst hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar þegar fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki, sbr. b-lið 1. mgr. 17. gr. laganna.

Eigendur Þórsmerkur starfa ekki á sömu mörkuðum og Árvakur. Þó skal tekið fram að eigandi Laugarholts ehf., Þorgeir Baldursson, sem er einn af hluthöfum Þórsmerkur, hefur einnig yfirráð yfir Kvos ehf., sem er eignarhaldsfélag Prentsmiðjunnar Odda hf. Þrátt fyrir að Prentsmiðjan Oddi hf. starfi á tengdum markaði dagblaðaprentunar hafa samkeppnisyfirvöld komist að því í fyrri málum sínum að dagblaðaprentun tilheyri sérstökum markaði, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 4/2001 *Prentsmiðjan Oddi hf. og Búnaðarbanki Íslands hf. gegn samkeppnisráði*, sbr. einnig ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2009 *Samruni Árvakurs hf., Fréttablaðsins ehf. og Pósthússins ehf.* Þá skiptir einnig máli í þessu tilliti að ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til þess að Laugarholt ehf. hafi yfirráð yfir Þórsmörk enda mun félagið einungis eiga lítinn eignarhlut í Þórsmörk.

Að ofangreindu virtu telur Samkeppniseftirlitið að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna samrunans.



**Ákvörðunarorð:**

**„Með samningi, dags. 24. febrúar 2009, yfirtók Þórsmörk ehf. félagið Árvakur hf. með því að skrifa sig fyrir nýju hlutafé í Árvakri hf. með það að markmiði að eignast 100% af öllu útgefnu hlutafé félagsins. Framangreindur gerningur felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson